

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. október 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-46/2013:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 7. maí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 21. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 29. október, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og göngum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 14. mars sl. keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 360.000. Var bifreiðin af gerðinni VW Golf, árgerð 1999, og hafði henni verið ekið 122.000 km þegar kaupin fóru fram.

Segir álitsbeiðandi að bifreiðin hafi verið keypt í gegnum bifreiðasölu. Hafi bifreiðin litið vel út en bifreiðasaliinn hafi bent henni á að tímabært væri orðið að skipta um tímareim í vél bifreiðarinnar. Þremur dögum eftir kaupin stoppaði bifreiðin alveg og var dregin á verkstæði. Þar kom í ljós að bolti sem heldur strekkjara við tímareim hafði gefið sig. Tímareimin sjálf hafi hins vegar reynst í lagi. Fer álitsbeiðandi fram á að seljandi taki þátt í þeim kostnaði sem af biluninni leiddi.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er kaupsamningur og afsal, dags. 14. mars, ásamt reikningum fyrir kaupum á varahlutum og vinnu við að gera við vél bifreiðarinnar. Þá er að finna bilanalýsingu frá verkstæði því er framkvæmd viðgerðina, dag. 10. apríl sl.. Þar kemur fram að strekkjarabolti hafi verið gefið sig of við það hafi ventlar bagnað. Skipt hafi verið um ventla, vatnsdælu, tímareim, kerti og tvo knastása.

#### IV

##### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 14. mars sl. fyrir kr. 360.000. Bifreiðin er árgerð 1999 og fyrsti skráningardagur hennar 7. janúar 1999. Bifreiðin

var því rúmlega 14 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 122.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 14. mars sl., segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. Í því sambandi ber einkum að líta til þess að afar ólíklegt er að seljandi hafi vitað að bolti sem hélt strekkjara við tímareim í vél bifreiðarinnar myndi gefa sig. Verður því vart álitid sem svo að vanræksla hafi átt sér stað í þessu tilliti og því ekki um galla að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Í málinu liggur fyrir að aðeins þremur dögum eftir kaup, hætti vél bifreiðarinnar að ganga. Við nánari athugun á verkstæði kom í ljós að bolti sem heldur strekkjara í vél bifreiðarinnar hafði gefið sig. Hafði sú bilun þær afleiðingar að meðal annars þurfti að skipta um tímareim bifreiðarinnar o.fl. Liggur fyrir að kostnaður álitsbeiðanda vegna þessa er skv. framlögðum reikningum kr. 219.918.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærufndin telur, að þótt bifreiðin hefði verið skoðuð og metin af óháðum aðila, teljist afar ólíklegt að ástand á bolta þeim er hélt strekkjara í vélinni hefði orðið vart við slíka skoðun. Telur kærufndin hins vegar óhætt að slá því föstu að umræddur bolti hafi verið við það að gefa sig þegar kaupin fóru fram. Er það því mat kærufndarinnar að bifreiðin hafi hvað þetta varðar verið haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Kröfu álitsbeiðanda verður að líta á sem skaðabótakröfu. Sem fyrr segir liggur fyrir að kostnaður álitsbeiðanda af viðgerð á bifreiðinni er kr. 219.918. Hins vegar verður að hafa í huga að með viðgerðinni var einni skipt um tímareim bifreiðarinnar, en fyrir lág við kaupin að nauðsynlegt yrði að skipta sem fyrst um tímareim. Þá var bifreiðin rúmlega 14 ára þegar hún bilaði, ekin yfir 122.000 km. og mátt álitsbeiðandi því búast við því að fyrr eða síðar kæmi til kostnaðarsamra viðgerða á bifreiðinni. Telur kærufndin skv. framansögðu að skaðabætur séu hæfilega metnar kr. 80.000.

## V

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 80.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir